

Reykjavík 5. apríl 2019

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um kolefnismerkingu á kjötvörur, 275. mál.

Bændasamtök Íslands og Samband garðyrkjubænda fagna þeirri vakningu sem uppi er varðandi nauðsyn þess að bæta merkingar og miðlun upplýsinga til neytenda um matvæli.


Vegna framkominnar tillögu til þingsályktunar um kolefnismerkingu á kjötvörur er þó ástæða til að benda á að rétt væri að tillagan innihéldi einnig kröfur um kolefnismerkingar á garðyrkjuafurðir til manneldis.

Þá væri einnig nauðsynlegt að vinna að þróun merkinga varðandi aðra framleiðsluhætti sem mikilvægir eru þegar kemur að lýðheilsu. Má þar nefna að neytendur ættu t.d. að fá upplýsingar við kaup á matvælum um hvort varan hefur verið framleidd með notkun sýklalyfja eða varnarefna.

Að lokum er ástæða til að nefna að betur þyrfti að fylgja eftir þeim reglum sem þó gilda, sbr. reglugerð nr. 1294/2014 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda. Vert er að hvetja til þess að gildandi reglum verði fylgt mun betur eftir en nú er gert. Til þess hafa Matvælastofnun og Neytendastofa ríkar heimildir.

Virðingarfyllst,

f.h. Bændasamtaka Íslands og Sambands garðyrkjubænda



Guðrún Vaka Steingrimsdóttir